

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 24. mars 2021

Mál nr. E-2187/2020:

Ísleifur Jónsson ehf.

(Jóhannes Stefán Ólafsson lögmaður)

gegn

Guðmundi Bjarna Gíslasyni

(Einar Brynjarsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem var höfðað með stefnu birtri 21. mars 2020, var dómtekið 25. febrúar 2021. Stefnandi er Ísleifur Jónsson ehf., Draghálsi 14–16, Reykjavík, en stefndi er Guðmundur Bjarni Gíslason, til heimilis í Svíþjóð.

Dómkröfur stefnanda eru þær **aðallega** að stefnda verði gert að greiða honum skaðabætur að fjárhæð 39.485.735 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá þingfestingardegi til greiðsludags. **Til vara** er þess krafist að stefnda verði gert að greiða stefnanda skaðabætur að álitum, með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá þingfestingardegi til greiðsludags. **Til þrautvara** er þess krafist að viðurkennd verði með dómi skaðabótaskylda stefnda gagnvart stefnanda, vegna þess tjóns sem stefnandi hefur orðið fyrir og leiðir af rangri upplýsingagjöf stefnda og Eiríks S. Jóhannssonar í aðdraganda sölu stefnda á hlutabréfum í Lagnalagernum ehf. til stefnda.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda auk greiðslu málskostnaðar.

I

1

Stefnandi er fyrirtæki sem sérhæfir sig í lausnum fyrir baðherbergi og eldhús og í pípulögnum, en stefndi var eigandi og stjórnandi Lagnalagersins ehf.

Með kaupsamningi, undirrituðum 14. desember 2017, keypti stefnandi allt hlutafé í Lagnalagernum ehf. af stefnda fyrir 100.000.000 króna og var greiðslan innt af hendi hinn 12. janúar 2018.

Viðræður milli aðila um kaupin hófust á vormánuðum 2017 og í kjölfar þeirra lagði stefnandi fram tilboð hinn 30. júlí 2017 um kaup á öllu hlutafé í Lagnalagernum ehf. og nam tilboðsverðið 95.000.000 króna. Kauptilboðið var útbúið af stefnanda og voru

forsendur tilgreindar í liðum i–vii í grein 2.4 í kauptilboðinu, þar sem segir að tilboðsverð taki mið af eftirfarandi og að m.a. sé stuðst við áreiðanleikakönnun frá 14. ágúst 2017:

- i. viðskiptakröfum hærri en 30 milljónir króna,
- ii. viðskiptaskuldum lægri en 35 milljónir króna,
- iii. öðrum skuldum lægri en 4,5 milljónir króna,
- iv. yfirdráttarlánnum lægri en 38 milljónir króna,
- v. langtímalánnum lægri en 53 milljónir króna,
- vi. sjóði í banka meiri en 9 milljónir króna og birgðum meiri en 112 milljónir króna.

Í grein 2.5 í kauptilboðinu var tekið fram að við uppgjör á endanlegu kaupverði skyldi taka breytingu á eignaliðum og skuldaliðum saman, frá 31. desember 2016 til 30. júní 2017. Síðan segir svo:

Fylla skal í töflu við þennan útreikning (fylgiskjal 5). Veruleg frávik frá forsendum skv. gr. 2.4. (meiri en kr. 5.000.000) sem kunna að koma í ljós við áreiðanleikakönnun skv. gr. 3.1, heimila tilboðsgjafa að falla frá tilboði fyrirvaralaust með einhliða yfirlýsingu og telst hann þá óbundin af því.

Um afhendingu hins selda var mælt fyrir í grein 3.1. Þar segir að seljandi skuli afhenda hið selda að undangenginni áreiðanleikakönnun af hálfu kaupanda. Í grein 4.2 var tekið fram að leiddi áreiðanleikakönnun, skv. grein 3.1, í ljós að veruleg frávik væru á rekstri og eignastöðu félagsins að mati tilboðsgjafa eða tilboðshafa gætu samningsaðilar fallið frá kauptilboði með einhliða yfirlýsingu. Veruleg frávik teldust vera þau sem ætla mætti að leiddu til 5.000.000 króna hækkunar eða lækkunar á kaupverðinu.

2

Í aðdraganda sölunnar fékk stefndi félaga sinn, Eirík S. Jóhannsson, sér til aðstoðar. Í tölvuskeyti sem Eiríkur sendi fyrirvarsmönnum stefnanda hinn 15. júní 2017, áður en stefnandi lagði fram kauptilboð sitt, kveðst Eiríkur hafa farið yfir málin með stefnda og hafa viljað láta reyna á það hvort menn næðu saman. Í umræddu tölvuskeyti kveðst Eiríkur stilla upp tilteknum forsendum úr rekstri félagsins árin 2016 og 2017 og miðar við mismunandi EBIDTA. Hann kveðst hafa tekið reikninga félagsins og gert tvær breytingar, annars vegar 15 mkr. einsskiptiskostnað vegna flutninga árið 2016, „að öðru leyti bæti ég í 10 mkr. vegna einkakostnaðar sem Gummi er að taka sér úr rekstri félagsins. Með þessu er ég að fá meðaltals árlega Ebitda um 34,5 mkr. M.v. tölur þessa árs er þetta í góðu samræmi við reyndina núna, enda Ebitda fyrstu 3 mánuðina um 8 mkr. og m.v. línulega þróun 32 mkr á ári (sem ætla má að sé varlegt).“ Tekur Eiríkur fram í

lokin að umræddar forsendur séu „í raun hefðbundið skot frá mjöðm“. Í tölvuskeytinu bendir Eiríkur fyrirvarsmanni stefnda á að skoða forsendurnar og hvort þeir líti málið sömu augum.

3

Í samræmi við það sem mælt var fyrir um í kautilboðinu lét stefnandi gera tvær áreiðanleikakannanir á Lagnalagernum ehf. Annars vegar var þetta fjárhagsleg könnun, sem Grant Thornton endurskoðun ehf. gerði, og lá fyrir í drögum 31. ágúst 2017, og hins vegar lögfræðilega könnun Lögmanna Lækjargötu, sem dagsett er í september 2017.

Það var skilyrði kautilboðs stefnanda að stefndi veitti stefnanda aðgang að öllum gögnum um félagið og rekstur þess við gerð umræddra áreiðanleikakannana, sbr. iii-lið gr. 4.1.

Eftir að áreiðanleikakannanirnar höfðu verið gerðar sendir Eiríkur Jóhannsson tölvuskeyti 15. september 2017 til stefnda, þar sem segir „Henti inn upplýsingum í skjalið. Ætti að vera ágætt svona, en endilega skoðið það. Að auki sendi ég ykkur 6 mán uppgjör fyrir LL.“

Stefnandi tók síðan við rekstri félagsins um áramótin 2017/2018 og fékk hann afhentan ársreikning Lagnalagersins ehf. vegna ársins 2017 hinn 26. september 2018.

Kaupsamningur á milli málsaðila var undirritaður 14. desember 2017, og var kaupverðið 100.000.000 króna. Í grein 2.3 í kaupsamningnum sagði að kaupandi hefði látið fara fram áreiðanleikakannanir á Lagnalagernum ehf. í samræmi við gr. 3.1 í kautilboði. Fjárhagslegu áreiðanleikakönnunina hefði Grant Thornton endurskoðun gert og lögfræðilegu áreiðanleikakönnunina hefðu Lögmenn Lækjargötu gert.

4

Hinn 22. maí 2019, var Birkir Leósson, löggiltur endurskoðandi, dómkvaddur matsmaður samkvæmt matsbeiðni stefnanda, dags. 18. mars 2019, til að svara nánar tilgreindum spurningum, þ. á m. um bókfærðan einkakostnað stefnda í rekstri félagsins á árunum 2016 og 2017, sbr. einkum matsspurningar 3 og 4 til matsmannsins. Í matsspurningu 3 var matsmaður spurður hvort hann teldi þá staðhæfingu Eiríks S. Jóhannessonar rétta sem hann setti fram í tölvuskeyti 15. júní 2017, að 10 milljóna króna einkakostnaður matsþola hefði verið bókfærður í bókum félagsins á árinu 2016, og í matsspurningu 4 var spurt hver væri raunverulegur einkakostnaður matsþola í rekstri félagsins árið 2016 ef svarið við spurning nr. 3 væri neikvætt.

Í svari dómkvadds matsmanns við matsspurningu nr. 3 tekur matsmaður fram að hann hafi haft samband við Eirík S. Jóhannsson vegna þessa meinta einkakostnaðar í samræmi við það sem ákveðið hafi verið á matsfundi. Eiríkur hafi upplýst matsmann um að hann hefði á umræddum tíma ekki haft nein gögn eða upplýsingar um einkakostnað

matsþola aðrar en munnlega áætlun matsþola um þennan kostnað. Kveðst matsmaður í svari sínu ekki taka afstöðu til þess hvort um staðhæfingu Eiríks hafi verið að ræða eða einungis áætlun matsþola sem Eiríkur hafi komið á framfæri við matsbeiðendur „en telji að fjárhæðin 10 milljónir króna fái ekki staðist enda er hún mjög stórt hlutfall af þeim kostnaði sem mögulega gæti innifalið einkakostnað í bókhaldi félagsins árið 2016“.

Í svari matsmannsins við spurningu nr. 4 segir svo:

Eins og áður hefur komið fram ákvað matsþoli að benda ekki nákvæmlega á hvaða gjaldfærslur í bókhaldi Lagnalagersins ehf. hann telji vera einkakostnað, en benti þess í stað á sem dæmi ferðakostnað og bifreiðakostnað. Matsmaður dregur ekki í efa að einkakostnaður eina eiganda félagsins kunni að einhverju leyti að hafa verið gjaldfærður hjá því. Við skoðun á öllum bókuðum gjaldfærslum árið 2016 telur matsmaður að um einkakostnað kunni að vera að ræða á ýmsum bókhaldslyklum svo sem ferðakostnaði, matar- og kaffikostnaði, öðrum starfsmannakostnaði, gjaldfærðum áhöldum og tækjum, risnu, funda- og kynningarkostnaði, gjöfum og framlögum o.fl.

Fram kemur í bókhaldi og á launamiðum að matsþoli var eini starfsmaður félagsins sem naut bifreiðahlunninda en allir 6 starfsmenn félagsins virðast hafa notið fæðishlunninda árið 2016. Það er því ekki hægt að segja að kostnaður á móti fæðishlunnindum sé einkakostnaður matsþola, en vissulega er gjaldfærður fæðis- og kaffikostnaður mjög mikill miðað við umfang félagsins og því vel líklegt að þar sé einkakostnaður að einhverjum hluta innifalinn. Þá kann að orka tvímælis hvort bifreiðakostnaður á móti bifreiðahlunnindum eigi að telja til einkakostnaðar eða eðlilegs hluta launakostnaðar. Hins vegar heldur matsþoli því fram að félagið hafi einnig greitt kostnað af öðrum bíl fyrir hann og hefur því ekki verið mótmælt. Sá kostnaður telst þá vera einkakostnaður.

Niðurstaða matsmanns er að áætla umræddan einkakostnað í heild sinni að álitum miðað við reynslu hans af umfangi reksturs í stað þess að benda á einstakar gjaldfærslur í bókhaldi sem erfitt er að sanna eða afsanna að sé einkakostnaður og endalaust muni vera hægt að deila um. Niðurstaða matsmanns er að þessi einkakostnaður matsþola sem gjaldfærður var hjá félaginu hafi getað numið um 3.000.000 króna á ári að jafnaði og er því miðað við þá fjárhæð fyrir árið 2016. Það samsvarar 250.000 kr. á mánuði að jafnaði.

Í matsspurningum 9 og 10 er óskað eftir því að matsmaður svari því hvort áætlanir sem fylgdu með tölvuskeyti Eiríks S. Jóhannssonar til stefnda, dags. 15. september 2017, gefi rétta mynd af stöðu félagsins 15. september 2019 og ef svarið er neikvætt hverjar matsmaður telji vera ástæður þess. Matsmaður taldi svo ekki vera og tók fram að ástæða þess væri einfaldlega sú að umræddum áætlunum hefði ekki verið ætlað að sýna stöðu

Lagnalagersins ehf. þann 15. september 2017, heldur væri um að ræða grófa áætlun fyrir allt árið 2017 og raunar einnig fyrir samstæðu matsbeiðanda. Það sæist m.a. á áætluðum tekjum sem væru langtum hærrí en þær voru orðnar 15. september 2017 og reyndar nokkru hærrí en þær urðu í reynd allt árið. Þá segir svo í svari matsmanns:

Þess má geta að þegar matsmaður ræddi við Eirík S. Jóhannsson var hans skýring á umspurðu skjali á fylgiskjali 5 að hann hefði stillt því upp í fljótheitunum að beiðni matsbeiðanda. Tilgangur matsbeiðanda hafi verið að sýna skjalið í banka, sem grófa áætlun um sameiginlegan rekstur matsbeiðanda og hins keypta félags, Lagnalagersins, árin 2017 og 2018, í þeim tilgangi að matsbeiðandi fengi lánaþyrirgreiðslu til að geta greitt kaupverðið á hlutunum.

5

Óumdeilt er að á árinu 2017 tók stefndi út úr Lagnalagernum ehf. 5.285.735 krónur og endurgreiddi félaginu 4.300.000 krónur af þeirri fjárhæð hinn 22. janúar 2018. Eftir standa 985.735 krónur af þeirri fjárhæð sem er hluti af dómkröfu stefnanda samkvæmt aðalkröfu. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-955/2019, sem staðfestur var með dómi Landsréttar í máli nr. 701/2019, var deilt um heimild stefnanda, Ísleifs Jónssonar ehf., til að skuldajafna umræddri fjárhæð á móti launakröfum sem stefndi, Guðmundur Bjarni, gerði á hendur stefnanda í tengslum við starfslok hans hjá Lagnalagernum ehf. Var það niðurstaða Landsréttar að Ísleifi Jónssyni ehf. hefði verið óheimilt að skuldajafna fjárhæðinni á móti launakröfum stefnda og bar samkvæmt því að greiða stefnanda vangoldin laun fyrir september og október 2018 að sömu fjárhæð, 985.735 krónur.

6

Þessir gáfu skýrslur fyrir dóminum: Ásmundur Bjarni Árnason, framkvæmdastjóri stefnanda, og stjórnarmenn stefnanda, þeir Guðmundur P. Davíðsson, Trausti Leifsson og Ísleifur Leifsson. Einnig gaf stefndi skýrslu og Eiríkur S. Jóhannesson, Birkir Leósson matsmaður, Sverrir Geirdal, viðskiptafræðingur og fyrrverandi starfsmaður hjá Grant Thornton, og Gunnlaugur Kristinsson, löggiltur endurskoðandi.

II

1. Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi telur að stefndi, og Eiríkur S. Jóhannesson hafi ítrekað gefið stefnanda rangar upplýsingar um stöðu félagsins áður en kaupsamningur á milli málsaðila var undirritaður í desember 2017. Telur stefnandi að yfirlýsingar um afkomu félagsins fyrir vaxtatekjur,

vaxtakostnað, skattgreiðslur og afskriftir (EBIDTA) hafi verið rangar, auk þess sem staðhæfingar Eiríks um einkakostnað stefnda hafi ekki verið réttar.

Stefnandi telur að stefnda beri í fyrsta lagi að endurgreiða 985.735 krónur. Byggist krafan á samningsbundnum rétti stefnanda til skaðabóta/afsláttar, samkvæmt grein 7.1, sbr. grein 6.3.4, í kaupsamningi aðila. Með undirritun samningsins hafi stefndi tekið sér á hendur samningsbundna skyldu til að taka ekki fé út úr félaginu á árinu 2017 með framangreindum hætti. Með því að bregðast þeirri skyldu sinni hafi hann skapað sér bótaskyldu gagnvart stefnanda. Krafan byggist aðallega á reglu skaðabótaréttar um skaðabætur innan samninga. Til vara er byggt á sakarreglunni um skaðabætur utan samninga.

Stefnandi byggir kröfu sína í öðru lagi á því að vegna oftalins einkakostnaðar stefnda að fjárhæð 10.000.000 króna í Lagnalagernum ehf., rekstrarárin 2015 og 2016, hafi rekstrarafkoma félagsins átt að vera önnur og betri en gert var ráð fyrir í kauptilboði stefnanda. Kaupverð hafi verið of hátt sem því nemi.

Stefnandi bendir á að samkvæmt matsgerð dómkvadds matsmanns hafi mátt ætla að umræddur einkakostnaður væri 3.000.000 króna á ári. Einkakostnaður hafi á hinn bóginn ranglega verið tilgreindur 10.000.000 króna, eins og áður segir. Þetta hafi leitt til breytinga á EBIDTA félagsins sem með réttu hafi átt að vera 27,55 milljónir í stað 34,55 milljóna, sem síðan hafi leitt til hækkunar á kaupverðinu sem því nemi. Rétt kaupverð hefði því átt að vera 60.600.000 krónur í stað 99.000.000 króna. Mismunurinn sé 38.500.000 krónur. Byggir stefnandi á því að mismunur þessi hafi leitt til samsvarandi hækkunar á kaupverði stefnanda á Lagnalagernum ehf. og sé sú hækkun komin til vegna rangrar upplýsingagjafar af hálfu stefnda og eða umboðsmanns hans, Eiríks.

Stefnandi byggir á því að ef umboðsmaður stefnda hefði leiðrétt EBIDTA félagsins um 3.000.000 króna í stað 10.000.000 króna, þá hefði það leitt til þess að kaupverð félagsins hefði verið 38.500.000 krónum lægra en raunin varð. Því séu bein orsakatengsl á milli hinnar röngu upplýsingagjafar og tjóns stefnanda.

Stefnandi byggir á því að stefndi hafi viðhaft ólögmdæta og sagnæma háttsemi með því að veita rangar upplýsingar um mikilvæg atriði í rekstri hins selda félags. Þá byggir stefnandi á því að um ábyrgðaryfirlýsingu sé að ræða þegar stefndi lýsir því yfir að einkakostnaður hafi verið tilgreindur 10.000.000 króna og að viðmiðunarfjárhæð EBIDTA til ákvörðunar tilboðsverðs verði leiðrétt með hliðsjón af því. Þessi yfirlýsing hafi verið fyrirvaralaus og sett fram sem staðreynd í tölvuskeyti Eiríks 15. júní 2017. Stefnandi hafi mátt treysta því að yfirlýsingin væri rétt og að stefndi bæri fulla ábyrgð á því ef svo væri ekki. Ábyrgð stefnda taki til þeirra hækkunar sem varð á kaupverðinu og leiddi beinlínis af yfirlýsingunni.

Þá byggir stefnandi á því að stefndi og umboðsmaður hans hafi gerst brotlegir við 1. og 2. mgr. 128. gr. laga nr. 138/1994, sem sýni fram á saknæmi og ólögmæti háttseminnar.

Stefnandi telur að upplýsingagjöfin hafi haft veruleg áhrif á söluverð Lagnalagersins ehf., stefnda til hagsbóta og stefnanda til tjóns. Á þessum grunni eigi stefnandi rétt á samsvarandi skaðabótum úr hendi stefnda eftir almennum reglum skaðabótaréttarins. Þá byggir stefnandi einnig á því að líta beri á upplýsingagjöf stefnda sem upplýsingar um eiginleika seldrar vöru í skilningi laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Rangar upplýsingar um selda vöru teljist galli í skilningi laganna og gefi kaupanda rétt til afsláttar úr hendi seljanda, sbr. m.a. IV. kafla laganna. Þá vísar stefnandi til 1. mgr. 18. gr. laga nr. 50/2000 þar sem segi að reglur um galla gildi einnig þegar söluhlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun og ætla má að hafi haft áhrif á kaupin. Stefnandi telur að ákvæðið eigi að breyttu breytanda við um ábyrgðaryfirlýsingar seljanda hlutabréfa um fjárhagslega stöðu fyrirtækis. Þá vísar stefnandi til hliðsjónar til sambærilegra ákvæða laga um fasteignakaup nr. 40/2002, sbr. ákvæði 27. gr. og 2. mgr. 43. gr. laganna. Umrædd ákvæði mæli fyrir um sambærilegar reglur og afleiðingar af rangri upplýsingagjöf við sölu. Einnig til hliðsjónar vísar stefnandi til sambærilegra ákvæða laga um þjónustukaup nr. 42/2002, sbr. 2. tl. 1. mgr. 9. gr. laganna. Þótt hvorki lög nr. 40/2002 né lög nr. 42/2002 gildi, skv. orðanna hljóðan, um kaupin sé vísað til grunnraka reglna þessara um ranga upplýsingagjöf við sölu og samningagerð. Stefnandi telur að grunnrökin að baki reglunum eigi við þegar kemur að rangri upplýsingagjöf við sölu atvinnufyrirtækja.

Stefnandi byggir á því að valkvætt sé í raun hvort greiðsla sé sótt á hendur stefnda í formi skaðabótakröfu eða afsláttar, en stefnandi byggir aðallega á því að um skaðabótakröfu sé að ræða en afsláttarkröfu til vara. Fjárhæð kröfunnar, 38.500.000 krónur, sé hin sama óháð því hvernig á hana er litið. Stefnandi vísar einnig til almennra reglna skaðabótaréttarins, þ. á m. sakarreglunnar. Stefnandi telji að stefndi hafi með saknæmum og ólögmætum hætti viðhaft háttsemi (ranga upplýsingagjöf) sem leitt hafi til tjóns fyrir stefnanda að fjárhæð a.m.k. 38.500.000 krónur. Þá sé ljóst að orsakatengsl séu milli hinnar saknæmu háttsemi stefnda og tjóns stefnanda.

Stefnandi byggir *varakröfu* sína á því að það sé ljóst að stefndi hafi ekki komið fram af heilindum við söluna á hlutafé LL. Beri því að dæma bætur í samræmi við ólögfestar réttarreglur skaðabótaréttarins um skaðabætur að álitum. Hafi dómurinn í því sambandi meira svigrúm til að meta bótafjárhæðina út frá atvikum málsins í heild. Til hliðsjónar vísar stefnandi til dóms Hæstaréttar í máli nr. 309/2007, um bætur að álitum. Í þessu sambandi vísar stefnandi sérstaklega til þess að kaupverðið á Lagnalagernum ehf. var án nokkurs vafa ákvarðað út frá margföldun á áætlaðri EBIDTA félagsins 2017. Eins

og áður segir liggi nú fyrir að endanleg EBIDTA félagsins, skv. óendurskoðuðum ársreikningi 2017, varð einungis 7.325.115 krónur. Í ljósi þess að stefndi og umboðsmaður hans, staðhæfðu ítrekað á árinu 2017 að EBIDTA félagsins stefndi í 34 milljónir króna, þá telur stefnandi ljóst að þær yfirlýsingar hafi ekki getað verið gefnar af heilindum. Tilgangur yfirlýsinganna hafi ekki getað verið annar en að reyna að hafa áhrif á kaupverðið til hækkunar og þ.a.l. til hagnaðar fyrir stefnda og samsvarandi tjóns fyrir stefnanda. Stefnandi telur augljóst að enginn greiði 100 milljónir króna fyrir félag með vaxtaberandi skuldir að fjárhæð rúmlega 90 milljónir króna og EBIDTA upp á 7.325.115 krónur. Stefnandi vísar hér einnig til og byggir á ógildingarreglum samningalaga nr. 7/1936, sbr. ákvæði 33. gr. og 36. gr. laganna. Í þessu sambandi byggir stefnandi á því að ákvæði kaupsamningsins um kaupverðið hafi verið bersýnilega ósanngjarnt í skilningi 36. gr. og að óheiðarlegt sé fyrir stefnda að bera fyrir sig kaupverðið, sbr. 33. gr. laganna. Byggir stefnandi þannig á því að breyta beri ákvæði kaupsamningsins um kaupverðið með vísan til 36. gr. laganna og þannig lækka kaupverðið að mati dómsins, með hliðsjón af atvikum öllum. Eins og fram komi í ákvæðinu heimili það dómstólum m.a. að breyta bersýnilega ósanngjörnum samningsskilmálum og telur stefnandi að slíkt eigi við í þessu tilviki. Verði fallist á þetta byggir stefnandi á því að rétt sé að dæma stefnanda samsvarandi fjárhæð í vangildisbætur að álitum.

Þrautavarakröfu styður stefnandi við heimild í 2. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Stefnandi telur sig hafa sýnt fram á skaðabótaskyldu stefnda og að yfir allan vafa sé hafið að háttsemi stefnda hafi leitt til tjóns fyrir stefnanda. Verði af einhverjum ástæðum ekki talið að uppfyllt séu skilyrði til að dæma aðal- eða varakröfu stefnanda telur stefnandi ljóst að í hið minnsta beri að viðurkenna bótaskyldu stefnda vegna hinnar bótaskyldu háttsemi.

2. Helstu málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi hafnar því að hann eða einhver annar hafi blekkt stefnanda í aðdraganda kauptilboðsgerðar hans eða hafi veitt honum rangar upplýsingar. Allar upplýsingar sem stefndi veitti hafi verið byggðar á tölulegum staðreyndum úr bókhaldi félagsins eða grófum áætlunum sem stefnandi beri ábyrgð á hvort hann sannreyni í samræmi við áskilnað sinn. Engum gögnum hafi verið haldið frá stefnanda.

Stefndi bendir á að engir fyrirvarar hafi verið í kaupsamningnum og að báðir aðilar hafi staðfest með undirritun sinni að kaupverðið hefði verið ákveðið í samræmi við fyrirmæli í kauptilboðinu. Þá hafi stefnandi lýst því yfir að hann hefði látið gera fjárhagslega- og lögfræðilega áreiðanleikakönnun á félaginu.

Stefndi hafnar því sem röngu og ósönnuðu að hann hafi brotið gegn ákvæði. 6.3.4 í kaupsamningi aðila. Stefnandi byggir á því að umræddar greiðslur af einkareikningi hafi

ekki verið óvenjulegar, í skilningi ákvæðisins, heldur þvert á móti fyllilega eðlilegar færslur einkareiknings í rekstri Lagnalagersins. Þá hafi stefndi ekki leynt stefnanda þessum greiðslum. Hér sé um að ræða sambærilegar færslur á einkareikning og stefnanda var kunnugt um að hefðu verið gerðar í félaginu um margra ára skeið.

Þá liggja einnig fyrir að stefndi greiddi 4.300.000 krónur inn á reikning Lagnalagersins þann 22. janúar 2018. Stefnandi hafi engar athugasemdir gert við þá greiðslu og hafi stefndi réttilega litið svo á að um væri að ræða fullnaðargreiðslu vegna þeirra athugasemda sem stefnandi gerði á þeim tíma. Stefnandi hafi enga kröfu gert um greiðslu á meintum eftirstöðvum fyrr en í september árið 2018, og þá eingöngu sem gagnkröfu við kröfu stefnda á hendur honum vegna vangoldinna launa. Með vísan til alls framangreinds telur stefndi að færslur einkareiknings að fjárhæð 985.735 krónur, sem stefnandi gerir kröfu um í málinu, geti ekki talist óeðlilegar í skilningi gr. 6.3.4 í kaupsamningnum og varðað þar með bótaskyldu stefnda í málinu.

Um meinta ranga upplýsingagjöf stefnda í aðdraganda kaupanna, þá veitti stefndi allar þær upplýsingar sem fyrir lágu um rekstur Lagnalagersins ehf., en við undirritun kaupsamningsins hafi stefnanda verið ljóst hver EBIDTA Lagnalagersins ehf. var og hver ætla mætti að hún yrði við lok reikningsársins 2017. Stefnandi hafi fengið aðgang að öllum þeim upplýsingum sem fyrir lágu við sölu félagsins og hafi á grundvelli þeirra látið fara fram fjárhagslega- og lögfræðilega áreiðanleikakönnun á félaginu í aðdraganda kaupsamningsgerðar. Auk þess sé stefnandi umfangsmikið og rötgróið fyrirtæki í þeim rekstri sem um ræðir og því beri að gera strangar kröfur til þess að stefnandi hafi athafnað sig af þeirri kunnáttu sem ætlast megi til af honum við kaup á Lagnalagernum ehf.

Stefndi bendir á að Eiríkur Jóhannsson, sem veitti stefnda aðstoð, hafi ekki verið umboðsmaður stefnda í skilningi laga og ekki haft neitt umboð sem slíkur. Hann hafi ekki komið fram sem sérfræðingur gagnvart stefnanda. Þá hafi þær upplýsingar sem komu fram í tölvuskeyti hans verið réttar samkvæmt bestu vitund allra hlutaðeigandi, enda hafi stefndi afhent stefnanda öll viðeigandi gögn svo honum væri unnt að staðreyna þær sjálfur. Fari svo að fallist verði á með stefnanda að einhverjar upplýsingar hafi verið rangar eða ófullnægjandi byggir stefndi á því að samt sem áður beri stefndi enga bótaábyrgð gagnvart stefnanda, enda hafi stefndi engar ábyrgðaryfirlýsingar veitt stefnanda um fjárhæð einkakostnaðar eða endanlega EBIDTA félagsins árið 2017, sem var vitaskuld ekki lokið þegar upplýsingarnar voru veittar eða aðilar undirrituðu kaupsamninginn. Fyrir liggja að allar upplýsingar sem veittar voru stefnanda um framangreint hafi verið settar fram sem gróf áætlun, út frá bestu vitneskju þess sem þær veitti. Það sé því af og frá að stefndi hafi ábyrgst nokkuð með þeim tölvupósti sem Eiríkur sendi stefnanda í aðdraganda kauptilboðsgerðar og löngu áður en stefnandi gerði áreiðanleikakönnun á félaginu, eða með síðari áætlunum um EBIDTA fyrir árið 2017.

Stefnandi hafi gert fyrirvara um áreiðanleikakönnun á félaginu í því skyni að staðreyna að endanlegt kaupverð fyrir félagið væri rétt miðað við umsamdar forsendur. Að þeirri áreiðanleikakönnun fenginni hafi það verið niðurstaða stefnanda að vænt EBIDTA væri í raun hærrí og var endanlegt kaupverð ákveðið 100.000.000 króna í stað 95.000.000 króna sem kauptilboðið kvað á um. Með öðrum orðum rannsakaði stefnandi sjálfur umræddar forsendur og komst að þeirri niðurstöðu að verðmæti félagsins væri meira en upphaflegt kauptilboð grundvallaðist á.

Stefndi ítrekar að stefnandi hafi haft aðgang að öllum þeim upplýsingum sem kaupverð fyrir félagið grundvallaðist á og sjálfur lagt mat á upplýsingar og gögn þar að baki. Þetta hafi verið upplýsingar og gögn sem hafi haft bein áhrif á fjárhæð kaupverðsins og bersýnilega ekki upplýsingar eða gögn sem stefnandi, sem kaupandi, hafi ekki getað kynnt sér í aðdraganda kaupanna. Enda hafi framkvæmdastjóri stefnanda viðurkennt að hafa fengið aðgang að öllum upplýsingum um félagið í aðdraganda kaupanna. Stefnandi hafi ekki svo mikið sem leitast við að skýra það hvers vegna hann gerði ekki athugasemdir við forsendur kauptilboðsins eftir svo ítarlega könnun á högum félagsins. Að mati stefnda er augljósasta skýringin sú rétta, að áreiðanleikakönnunin hafi leitt í ljós að veittar upplýsingar væru sannleikanum samkvæmar.

Stefndi hafi ekki sýnt fram á hvaða gögn leiddu til þess að meintur annmarki á forsendum kauptilboðsins hafi fyrst verið leiddur í ljós eftir að kaupin höfðu farið fram. Eina gagnið sem stefnandi virðist byggja kröfur sínar á sé áður nefnd matsgerð Birkis Leóssonar endurskoðanda. Ljóst sé að kröfur stefnanda verði ekki grundvallaðar á þeirri matsgerð, enda séu forsendur, rökstuðningur og niðurstöður hennar hvort tveggja óljósar og rangar, eins og rakið er hér að neðan. Þar að auki sé matsgerðin uppfyll af fyrirvörum um forsendur hennar og sé því ómarktæk með öllu sem sönnunargagn í málinu.

Stefndi bendir á að matsmaður hafi ekki svarað efnislega þriðju matsspurningunni, hvort áætlun Eiríks S. Jóhannssonar um áætlaðan einkakostnað hafi verið „rétt“. Ástæða þess sé sú að matsmaður átti sig á því að ekki hafi verið um neina staðhæfingu að ræða, enda var árið 2017 ekki liðið. Hér hafi verið um að ræða áætlun sem sett var fram í góðri trú miðað við fyrirbyggjandi gögn og upplýsingar. Sé niðurstaða matsmanns því eingöngu sú að um sé að ræða „mjög hátt hlutfall af þeim kostnaði sem mögulega gæti innifalið einkakostnað í bókhaldi félagsins árið 2016“. Hvergi komi fram í matsgerð að upplýsingar Eiríks hafi verið „rangar“, eins og byggt sé á í stefnu.

Þá sé svar matsmanns við fjórðu spurningu sama marki brennd. Þar taki matsmaður skýrt fram að örðugt sé að svara slíkri spurningu efnislega, enda sé hvergi ákveðið í lögum eða reglum hvaða kostnaður sé einkakostnaður og hver ekki. Matsmaður bregði því á það ráð að áætla einkakostnað „á álitum“, án þess að því fylgi nokkur rökstuðningur eða útskýringar hvernig sú tala sé fundin. Vitaskuld verði slík niðurstaða ekki lögð til grundvallar sem sannleikur eða sönnun á tiltekinni fjárhæð einkakostnaðar.

Hér skuli einnig áréttað að um er að ræða einkakostnað frá árinu 2016 út frá bókhaldi og ársreikningi félagsins fyrir umrætt ár sem stefnandi hafi látið rannsaka sjálfur við gerð áreiðanleikakönnunar og ekkert séð athugavert við.

Svar matsmanns við spurningu 9 sé útskýrt í svari hans við spurningu 10, sem varpi ljósi á grundvallarágalla á málatilbúnaði stefnanda. Dómkvaddur matsmaður telji þær áætlanir sem settar voru fram í tölvupósti Eiríks S. Jóhannssonar, dags. 15. september 2017, ekki gefa rétta mynd af stöðu félagsins sama dag, út frá sjónarhorni matsmanns úr baksýnispeglinum. Enginn rökstuðningur fylgi þeirri niðurstöðu og hvergi komi fram að hvaða leyti áætlun Eiríks hafi ekki staðist. Ekki sé byggjandi á slíkri niðurstöðu í skaðabótamáli.

Ástæðu þess að útlistun í tölvupósti Eiríks hafi ekki gefið rétta mynd af stöðu félagsins þann 15. september 2017 hafi matsmaður talið þá að þeirri útlistun hafi ekki verið ætlað að gera það. Um hafi verið að ræða grófa áætlun fyrir allt árið 2017, sem vitaskuld hafi ekki verið liðið á þessum tíma. Hér hafi því ekki verið um að ræða ábyrgðaryfirlýsingu um það hver staða félagsins yrði í árslok 2017 sem ætlað hafi verið að yrði notuð sem grundvöllur endanlegs kaupverðs, eins og stefnandi byggði á. Þvert á móti hafi þetta verið gróf áætlun um samstæðu stefnanda að meðtöldum Lagnalagernum, sem „hent“ hafi verið saman í fljótheitum að beiðni stefnanda sjálfs til þess að leggja fyrir fjármögnunaraðila kaupanna. Það sé því af og frá að stefnandi geti byggt á því að um ábyrgðaryfirlýsingu hafi verið að ræða, eða þá rangar upplýsingar um atriði sem ekki lágu fyrir á þeim tíma þegar áætlunin var sett saman.

Stefndi tekur fram að krafa stefnanda sé skaðabótakrafa sem virðist grundvallast í senn á almennum reglum skaðabótaréttarins og ákvæðum laga um lausafjárkaup nr. 50/2000. Óljóst sé hvernig slíkur málatilbúnaður fari saman, enda skilyrði umræddra bótareglna ólík. Stefndi telji að engin þeirra skilyrða séu uppfyllt í málinu.

Þá hafnar stefndi, með vísan til fyrri umfjöllunar, því sem röngu og ósönnuðu að hann hafi sýnt af sér saknæma háttsemi í aðdraganda sölu á öllum hlutum í Lagnalagernum. Þvert á móti hafi stefndi veitt stefnanda aðgang að öllum upplýsingum um félagið í aðdraganda kaupsamningsgerðar, og af heiðarleika. Stefndi hafi ekki fært sönnur á neinar rangfærslur í upplýsingagjöf stefnda, eða Eiríks S. Jóhannssonar. Eina sönnunargagn stefnanda sé matsgerð og þar komi ekki fram að upplýsingagjöf stefnda hafi verið áfátt, heldur einfaldlega að um grófar áætlanir væri að ræða, byggðar á þeim forsendum sem fyrir lágu á þeim tíma sem þær voru gerðar.

Þó svo ólíklega vildi til að fallist yrði á það með stefnanda að stefndi hefði með einhverjum hætti skýrt ranglega frá stöðu félagsins í aðdraganda kaupsamningsgerðar hafni stefndi því sem röngu og ósönnuðu að slíkt hafi verið gert af ásetningi eða gáleysi stefnda.

Þá hafi stefnandi ekkert lagt fram í málinu annað en vangaveltur og bollaleggingar um það hvert endanlegt kaupverð hefði verið, hefðu aðrar upplýsingar verið veittar. Því sé meint orsakasamhengi ósannað og hið sama gildi að breyttu breytanda um sennilega afleiðingu þeirrar upplýsingagjafar.

Málatilbúnaður stefnanda virðist háður þeirri forsendu að stefndi hefði gengið að kauptilboði um alla hluti í Lagnalagernum fyrir kaupverð að fjárhæð 60.500.000 krónur. Stefnandi hafi ekki leitt líkur á því að sú forsenda sé rétt og hafnar stefndi henni sem rangri og ósannaðri.

Þá áréttar stefndi að líta verði til þess að stefnandi gerði sjálfur áreiðanleikakönnun á forsendum að baki þeim upplýsingum sem fyrir lágu við undirritun kauptilboðs um einkakostnað í félaginu. Niðurstaða stefnanda sjálfs að lokinni þeirri áreiðanleikakönnun hafi verið sú að rétt kaupverð félagsins næmi 100.000.000 króna, en ekki þeim 95.000.000 króna sem kauptilboðið kvað á um.

Til viðbótar við allt framangreint hafnar stefnandi því sem röngu og ósönnuðu að stefnandi hafi orðið fyrir nokkru tjóni vegna kaupa sinna á öllum hlutum í Lagnalagernum.

Í fyrsta lagi sé meint tjón stefnanda vanreifað, enda byggist það á reiknireglu á kaupverði fyrir hlutina sem eigi sér enga stoð í undirrituðu kauptilboði eða kaupsamningi. Óljóst sé hvaðan stefnandi fái þær forsendur sem hann leggi til grundvallar fyrir útreikningi á meintu tjóni sínu. Útreikningar kaupverðsins séu útlistaðir í gr. 2.4 í kauptilboði þar sem tilgreindar séu þær sjö stærðir sem ákvarða áttu endanlegt kaupverð fyrir félagið. Í gr. 2.3 í kaupsamningi staðfesti aðilar að endanlegt kaupverð hafi verið ákvarðað í samræmi við ákvæði kauptilboðsins og niðurstöður áreiðanleikakönnunar þar um. Hvergi sé kveðið á um að kaupverð fyrir félagið skuli reiknað samkvæmt formúlunni $5,5 * \text{meðaltal EBIDTA}$, eins og stefnandi byggði þó á. Útreikningum stefnanda sé því hafnað sem röngum og ósönnuðum. Þá þegar bresti grundvöllur fyrir bótakröfu stefnanda.

Í öðru lagi grundvallist útreikningar stefnanda á meintu tjóni á svári dómkvadds matsmanns við spurningu 4 í matsgerð, þar sem hann, með eigin orðum, áætlar einkakostnað í félaginu á umræddu tímabili að álitum miðað við reynslu matsmanns og umfang reksturs. Með öðrum orðum sé því hvergi svarað hver raunverulegur einkakostnaður stefnda hafi verið í rekstri Lagnalagersins árið 2016. Af þeim sökum verði meint tjón stefnanda ekki metið út frá þeirri forsendu að raunverulegur einkakostnaður stefnda í rekstri lagnalagersins hafi raunverulega numið kr. 3.000.000 króna, sem sé grundvallarforsenda dómkröfu stefnanda.

Í þriðja lagi telur stefndi ljóst að þótt fallist verði á það með stefnanda að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna kaupa sinna á félaginu verði raunverulegt tjón ekki metið án þess

að gerð sé grein fyrir hagnaði af rekstri félagsins eftir að það komst í hendur stefnanda. Stefnandi hafi því ekki gert grein fyrir meintu tjóni sínu.

Með vísan til alls framangreinds hafnar stefndi því að skilyrði 18. gr. laga nr. 50/2000, um að söluhlutur svari ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi gefur í aðdraganda kaupa, séu uppfyllt. Stefndi áréttar að stefnandi gerði tvær áreiðanleikakannanir á forsendum að baki áætlunum um EBIDTA félagsins. Stefnanda hafi því verið ljósar eða honum hafi mátt vera ljósar allar forsendur að baki endanlegu kaupverði hlutanna í Lagnalagernum þegar hann undirritaði kaupsamninginn 14. desember 2017. Þá þegar hafi hann ekki getað borið fyrir sig meinta ágalla á upplýsingagjöf í aðdraganda kaupanna, sbr. 1. og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 50/2000. Þá sé ljóst að ákvæði laga um fasteignakaup nr. 40/2002 og laga um þjónustukaup nr. 42/2002 eigi ekki við í málinu.

III

Með kaupsamningi, dags. 14. desember 2017, keypti stefnandi allt hlutafé í Lagnalagernum ehf. af stefnda fyrir 100.000.000 króna. Í máli þessu krefst stefnandi greiðslu skaðabóta úr hendi stefnda að fjárhæð 39.485.735 krónur, þar sem stefndi hafi veitt stefnanda rangar upplýsingar um fjárhagslega stöðu Lagnalagersins ehf. í aðdraganda sölu hans á öllu hlutafé félagsins til stefnanda. Bótakrafa stefnanda er tvíþætt. Annars vegar er krafist greiðslu á 985.735 krónum vegna úttektar stefnda úr félaginu á árinu 2017. Er um að ræða kröfu sem fyrst var borin upp í formi gagnkröfu við kröfu stefnda á hendur honum vegna vangoldinna launa í öðru dómsmáli á milli sömu aðila.

Hins vegar krefur stefnandi stefnda um greiðslu 38.500.000 króna þar sem EBIDTA félagsins hafi verið röng vegna þess að stefndi hafi með ólögmætri og saknæmri háttsemi veitt stefnanda rangar upplýsingar um gjaldfærðan einkakostnað í Lagnalagernum ehf. rekstrarárin 2016 og 2017.

Stefndi mótmælir málsástæðum stefnanda og telur að allar upplýsingar sem hann veitti stefnanda hafi verið byggðar á tölulegum staðreyndum úr bókhaldi Lagnalagersins ehf. eða byggðar á grófum áætlunum sem stefnanda hafi borið að staðreyna í samræmi við áskilnað sinn samkvæmt kaupsamningi aðila. Einnig mótmælir stefndi því að greiðslur af einkareikningi að fjárhæð 985.735 krónur hafi farið í bága við ákvæði 6.3.4 í kaupsamningi aðila, að um óvenjulegar greiðslur hafi verið að ræða eða að hann hafi leynt stefnanda þessum greiðslum. Tekur stefndi fram að greiðslur þessar séu sambærilegar færslum á einkareikningi stefnda sem stefnanda hafi verið kunnugt um að gerðar hefðu verið í félaginu um margra ára skeið.

Eins og rakið er í málsatvikakafli dómsins sendi Eiríkur Jóhannesson tölvuskeyti þann 15. júní 2017 til stefnanda í aðdraganda kauptilboðsins þar sem hann kveðst hafa

farið yfir málin með stefnda í því skyni að samningsaðilar reyni að ná saman. Dómurinn telur að þær upplýsingar sem veittar voru í umræddu tölvuskeyti hafi borið með sér að vera áætlaðar tölur settar fram í því skyni að veita stefnanda hugmyndir um fjárhagslega stöðu fyrirtækisins. Telur dómurinn m.ö.o. ljóst af framsetningu tölvuskeytisins og orðalagi þess að ekki hafi verið um endanlegar og nákvæmar tölur að ræða, heldur tölur á blaði settar fram til að veita stefnanda einhverjar vísbendingar um félagið til að vinna nánar með í aðdraganda kauptilboðsins. Verður því að hafna þeirri málsástæðu stefnanda að í þeim hafi falist ábyrgðaryfirlýsing af hálfu stefnanda. Þá verður ekki talið að með framsetningu upplýsinganna í umræddu tölvuskeyti hafi stefndi reynt að blekkja stefnanda um stöðu félagsins. Þvert á móti telur dómurinn að orðalagið „skot frá mjöðm“ í tölvuskeytinu hafi gefið stefnanda tilefni til að skoða nánar tölulegar forsendur sem þar komu fram, eins og stefnandi áskildi sér í kauptilboðinu með því að láta fara fram áreiðanleikakannanir.

Við úrlausn málsins verður ekki horft fram hjá því að stefnandi áskildi sér rétt til að gera áreiðanleikakannanir á hinum seldu eignarhlutum í Lagnalagernum ehf. áður en gengið yrði til endanlegra samninga. Lét stefnandi gera tvær kannanir, annars vegar fjárhagslega könnun sem gerð var af Grant Thornton endurskoðun ehf. og hins vegar lögfræðilega könnun Lögmannna Lækjargötu. Var ákvörðun um það hversu umfangsmiklar þær kannanir væru og til hvaða atriða þær tækju alfarið á forræði stefnanda. Niðurstaða fjárhagslegu áreiðanleikakönnunarinnar lá fyrir 31. ágúst 2017 í drögum. Samkvæmt gögnum málsins gerði stefnandi engar athugasemdir eftir að könnuninum var lokið né fylgdi því eftir að könnun Grant Thornton endurskoðunar yrði fullkláruð. Þess í stað ákvað stefnandi að ganga til samninga við stefnda og greiða 100.000.000 króna fyrir öll hlutabréfin í Lagnalagernum ehf., þrátt fyrir að kaupverðið væri 5.000.000 króna hærra en upphaflegt tilboð og honum því í raun heimilt að falla frá tilboði sínu, sbr. grein 2.5 í kauptilboðinu. Að þessi virtu verður ekki talið að stefnandi, sem hefur langa reynslu af rekstri fyrirtækja, geti borið fyrir sig annmarka á hinu selda, sem leiða hefði mátt í ljós við umæddar kannanir, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar Íslands 29. janúar 2004 í máli nr. 227/2003. Á það hvort tveggja við um úttektir stefnda úr Lagnalagernum ehf. á árinu 2017 að fjárhæð 985.735 krónur, sem fram komu á viðskiptareikningi stefnda í bókhaldi félagsins á því ári, og meintan oftalinn einkakostnað. Þá telur dómurinn rétt að taka fram að umræddar úttektir af viðskiptareikningi stefnda á árinu 2017 geti ekki talist óvenjulegar og umfram það sem eðlilegt geti talist og venja hefur verið fyrir í skilningi ákvæðis 6.3.4 í kaupsamningi aðila og einnig greinar 2.7 í kauptilboði stefnanda, þegar litið er til sambærilegra færslna á umræddum einkareikningi stefnda sem nær til ársins 2013.

Dómurinn telur einnig að í ljósi sérþekkingar stefnanda á fyrirtækjarekstri og þess að hann naut aðstoðar sérfræðinga við mat á félaginu verði að gera ríkari kröfur til hans um skoðun á félaginu fyrir kaupin, sbr. 20. gr. laga nr. 50/2000, um lausafjárkaup.

Með skírskotun til þess er að framan greinir telur dómurinn ósannað að stefndi hafi með saknæmum og ólögætum hætti veitt stefnanda rangar upplýsingar. Óumdeilt er að stefnandi hafði aðgang að öllum gögnum og upplýsingum um stöðu Lagnalagersins ehf. fyrir kauptilboðið og áður en hann gekk að kaupunum með undirritun kaupsamningsins í desember 2017. Þá ber, eins og áður segir, að líta til þess að þær tölulegu upplýsingar og framsetning þeirra sem stefndi veitti í aðdraganda kauptilboðsins máttu gefa stefnanda og þeim sérfræðingum sem hann naut aðstoðar hjá tilefni til að skoða nánar fjárhagslega stöðu félagsins. Þá er enn fremur ljóst að hvorki í kauptilboði né kaupsamningi aðila var grundvöllur kaupverðs ákveðinn sem margfeldi af EBIDTA Lagnalagersins ehf. Þá telur dómurinn að fenginni þessari niðurstöðu ósannað að stefndi hafi gerst brotlegur við 1. og 2. mgr. 128. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

Dómurinn telur að ekki hafi verið sýnt fram á að skilyrði 36. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, eða aðrar reglur um fjármunaréttarsamninga hafi verið fyrir hendi er málsaðilar gerðu umræddan kaupsamning. Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936 ber við mat á því hvort víkja beri samningi til hliðar að líta til efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til. Í stefnu segir aðeins að kaupverðið hafi verið bersýnilega ósanngjarnt og að óheiðarlegt sé fyrir stefnda að bera það fyrir sig, án þess að gerð sé nánari grein fyrir einstökum skilyrðum. Hefur stefnandi ekki leitast við að sýna fram á það með rökstuddum hætti hvers vegna breyta beri kaupverðinu með vísan til stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina eða atvika sem síðar komu til, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936. Er málsástæðu þessari því hafnað.

Loks er það niðurstaða dómsins að matsgerð dómkvadds matsmanns, sem aflað var eftir áreiðanleikakönnun Grant Thornton endurskoðunar ehf., hafi ekki sérstaka þýðingu fyrir úrlausn málsins eins og atvikum er háttað. Stefnandi áskildi sér rétt til að láta fara fram áreiðanleikakönnun áður en hann gerði tilboð í allt hlutafé Lagnalagersins ehf. Síðbúin matsgerð dómkvadds matsmanns í þeim tilgangi að leggja mat á þau atriði sem stefnanda bar að sjá til þess að athuguð væru í áreiðanleikakönnun breyta þessu ekki. Þá verður ekki litið fram hjá því að matsmaður telur að tölulegar upplýsingar sem fylgdu hinu umþrætta tölvuskeyti Eiríks Jóhannssonar til stefnanda hinn 15. september 2017 beri að fara með sem grófar áætlanir fyrir allt árið 2017 og raunar einnig árið 2018 fyrir alla samstæðu stefnanda.

Samkvæmt öllu framangreindu er það niðurstaða dómsins að hafna beri öllum kröfum stefnanda um greiðslu skaðabóta eða afsláttar að fjárhæð 39.485.735 krónur af

kaupverði félagsins. Af niðurstöðu þessari leiðir einnig að hafna beri vara- og þrautavarakröfu stefnanda.

Eftir úrslitum málsins, og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, ber stefnanda, Ísleifi Jónssyni ehf., að greiða stefnda, Guðmundi Bjarna Gíslasyni, 1.500.000 krónur í málskostnað.

Jóhannes Stefán Ólafsson lögmaður flutti málið fyrir stefnanda.

Einar Brynjarsson lögmaður flutti málið fyrir stefnda.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan, ásamt Birni L. Bergssyni héraðsdómara og sérfróðum meðdómara, Arnari Má Jóhannessyni, löggildum endurskoðanda.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Bjarni Gíslason, er sýknaður af öllum kröfum stefnanda, Ísleifs Jónssonar ehf., í máli þessu.

Stefnanda ber að greiða stefnda 1.500.000 krónur í málskostnað.

Ragnheiður Snorradóttir (sign.)

Björn L. Bergsson (sign.)

Arnar Már Jóhannesson (sign.)